

Guðbjörg Guðmundsdóttir



Ég heiti Guðbjörg Guðmundsdóttir og er sérfræðingur í hjúkrun krabbameinssjúklinga og starfa á Landspítalanum. Ég hef verið félagsmaður í HRFÍ frá 2004 þegar ég eignaðist fyrsta ættbókarfærða hundinn minn hann Ask sem er Golden Retriever. Áður átti ég óættbókarfærðan Golden Retriever í 12 ár. Árið 2009 eignaðist ég svo minn fyrsta Dvergschnauzer, Frosta en ég á fimm hunda í dag, tvo Golden Retriever, tvo Dvergschnauzera og einn Bracco Italiano.

Ég hef tekið ötulun þátt í starfsemi deildanna sem ég tilheyri, þó mest innan Retrieverdeildar þar sem ég sat í stjórn þeirrar deildar í 6 ár, 3 sem ritari og 3 sem formaður. Ég sit núna í stjórn Fuglahundadeildar.

Ég hef sótt ýmis námskeið tengd hundum, bæði ræktunarnámskeið og ekki síður vinnutengd námskeið og má þar nefna hlýðninámskeið, hundafiminámskeið, sporanámskeið, retrievernámskeið sem og sleðahundanámskeið. Þá hef ég sótt fjölda allan af fyrirlestrum um atferli hunda og hef starfað í skapgerðarmatshóp HRFÍ frá 2007 og er þar prófstjóri. Ég hef tekið þátt í hlýðni – og sporaprófum og leitt hunda í fuglahundaprófum. Ég hef starfað mikið fyrir félagið, bæði á sýningum sem ritari og hringstjóri og hinum ýmsu vinnuþrófum, verið ritari á hundafimikeppnum, ritari og prófstjóri í hlýðniþrófum, prófstjóri í sporaprófum og starfsmaður í prófum Retrieverdeildarinnar. Ég er í sýninganefnd og heimasíðunefnd Retrieverdeildar og í undirbúningsteymi Schnauzerdeildar fyrir deildarsýningar. Þá er ég í tveimur nefndum vegna stefnumótunarvinnu félagsins og í ritstjórn Sáms.

Ég er gjaldkeri Sólheimakotsnefndar, sem er nefnd sem samanstendur af fólki sem hefur áhuga á því að endurbæta Sólheimakot og gera það vistlegra fyrir félagsmenn. Fyrir þá sem ekki þekkja til þá er Sólheimakot einkonar félagsheimili Hundaræktarfélag Íslands, þar geta allar deildir fengið að halda hina ýmsu viðburði í mjög hundvænu umhverfi. Síðastliðin ár höfum við staðið fyrir ýmsum úrbótum

með hjálp góðra félaga og við vonumst til að sem flestir leggi hönd á plóg næsta sumar þegar klárað verður að taka kotið í gegn að utan. Nefndin hefur séð um að afla styrkja fyrir öllum endurbótum við kotið, þannig að ekki er gengið á sjóði félagsins við endurbæturnar.

Ég fékk sýningabakteríuna 2005 þegar ég sýndi Ask í fyrsta sinn og hef tekið þátt í nær öllum sýningum á vegum félagsins síðan, bæði sem sýnandi og starfsmaður. Undanfarin ár hef ég ferðast víða erlendis til að fylgjast með sýningum og veiðiprófum þar.

Ég er í stjórn samtaka sem kalla sig Vinir Vigdísar, sem er verkefni þar sem hundar eru notaðir til æfa börn í lestri og bæði Frosti (Dvergschnauzer) og Virgill (Golden Retriever) hafa starfað þar sem lestrarhundar fyrir börn.

Ég hef setið í varastjórn félagsins undanfarin tvö ár og ýmislegt hefur gengið á þessi tvö ár, en nú undanfarið hefur mér þótt stjórn loks vera farin að geta sinnt þróun og framgangi innan félagsins. Í okkar stjórnartíð, undir sterkri formennsku Herdísar Hallmarsdóttur, hafa verið tekin nokkur skref í áttina að því að hundarnir okkar fái að fara með okkur þar sem við förum. Má þar nefna að hundarnir okkar mega nú ferðast með okkur í strætisvögnum, að veitingahús geta leyft hunda í húsakynnum sínum og fleira. Nýtt áhættumat vegna innflutnings gæludýra er í vinnslu og verður vonandi búið að líta dagsins ljós þegar kemur að kosningu til stjórnar félagsins.

Það eru ýmis viðamikil og aðkallandi mál í vinnslu hjá stjórn og ég er tilbúin til að leggja mitt af mörkum til að þau nái framgangi ef þið teystið mér fyrir því kæru félagsmenn, og kjósið mig til áframhaldandi stjórnarsetu.